

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 3. tbl. 12. árgangur 7. febrúar 2018

Stærðfræði á Pálmholli.

Föstudaginn 2. febrúar var dagur stærðfræðinnar sem haldinn er fyrsta föstudag í febrúar ár hvert.

Í leikskólanum Pálmholli var unnið þróunarverkefnið Stærðfræðin - skimun í samstarfi við útgefendur skimunartækisins MÍÓ síðasta vetur og er lögð mikil áhersla á stærðfræði í skólanum. Verkefnið fékk styrk úr sprotasjóði og viðurkenningu fræðsluráðs Akureyrarbæjar.

Í Aðalnámskrá leikskóla er talað um að skapa skuli aðstæður svo börnin vinni með og velti vöngum yfir stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum sem og rými, fjarlægðum og áttum (bls. 44). Einnig er þar talað um að börnin þurfi að fá ríkuleg tækifæri til að þróa læsi í víðum skilningi og m.a. nefnt að þau eigi að öðlast skilning á því að ritað mál og tákni hafi merkingu.

Með þetta að leiðarljósi var lagt af stað í þetta sameiginlega verkefni. Markmiðið hjá MÍÓ hópnum var að kom á markaðinn skimunartæki fyrir stærðfræði í leikskóla til að finna sem allra fyrst þau börn sem þarf að hlúa að varðandi rökhugsun, talnaskilning og rýmisvitund. Skimunartækið skyldi vera forþröfað fyrir útgáfu með leikskólakennurum. Markmiðið hjá Leikskólanum Pálmholli tengdist námi barnanna og menntun starfsmanna auk þess að taka þátt í staðfæringu á efninu.

Markmið verkefnisins var tvíþætt. Í fyrsta lagi sá hluti sem snéri beint að leikskólanum og börnunum:

- Að efla þekkingu starfsmanna leikskólans á rökhugsun, talnaskilningi og rýmisvitund barna í þeim tilgangi að bæta námsaðstæður leikskólans á því sviði.
- Að skima nemendur með skráningarlista MIO sem verður þýddur og staðfærður.

Í öðru lagi sá hluti að staðfæra og þýða skimunartækið MÍÓ. Með þátttöku kennaranna var lagt upp með að tækið yrði sem allra næst íslenskum raunveruleika og með hugmyndum að góðri leið við skimunina sem henta því skipulagi sem íslenskir leikskólar búa við.

Eftir þróunarvinnuna eru starfsmenn Pálmholts meðvitaðri um að við erum í stærðfræði allan daginn því stærðfræði er svo miklu meira en leggja saman, draga frá og deila.



Myndir augnabliksins eru frá útvistardegi í Naustaskóla sem var í frábæru veðri í Hlíðarfjalli.



Skóla-akur er vefþímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

100 daga hátíð í 1. bekk Brekkuskóla.

Það er orðinn árviss viðburður í skólanum að 1. bekkur heldur sína 100 daga hátíð. Hún er haldin þegar nemendur 1. bekkjar hafa verið 100 daga í grunnskóla. Þeir safna dögum alveg frá skólabyrjun. Nemendur og starfsfólk hélt daginn hátíðlegan með því að fara í skrudgöngu um skólann og gæða sér á góðgæti sem nemendur söfnuðu í skreytta bréfpoka. Unnið var á fjölbreyttan hátt með tugi og auðvitað 100 og að sjálfsögðu var búið að skreyta skólann í tilefni dagsins.



Tónaflóð leikskólabarna og Tónlistarskólans.

Tónlistarskólinn á Akureyri og leikskólar bæjarins bjóða öllum bæjarbúum á söngsal í Hofi dagana 5. - 7. febrúar kl. 10.00.

Í vetur hófst nýtt samstarfsverkefni Tónlistarskólans, grunnskólanna og leikskólanna á Akureyri og kallast það Söngvaflóð. Það eru tveir elstu árgangarnir á leikskólunum, börn fædd 2012 og 2013, sem munu syngja af innlifun og leyfa öllum að heyra hvaða söngva þau hafa verið að læra í vetur. Þessir hressu krakkar munu ásamt blásarasveit Tónlistarskólans flytja lög úr bókinni Trommur og Töfrateppi eftir Soffiu Vagnsdóttur tónmenntakennara og núverandi sviðsstjóra fræðslusviðs.



Þriðjudaginn 6. febrúar á degi leikskólans hófu Naustatjörn, Hulduheimar og Iðavöllur veisluna. Miðvikudaginn 7. febrúar komu Krógaból, Lundarsel og Kíðagil í Hof og síðasta daginn, fimmtudaginn 8. febrúar er komið að Hólmasól, Tröllaborgum og Pálmholti.

Dagur leikskólans 6. febrúar.

Á degi leikskólans halda skólar landsins upp á daginn á margvíslegan hátt. Þennan dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.

Á Hólmasól teiknuðu börnin myndir og færðu nágrönnum í nærliggjandi götum þær með bestu kveðjum. Þetta hefur verið gert í nokkur ár. Þau yngstu gerðu myndir og fóru með heim.

Á Hulduheimum fóru tveir elstu árgangarnir og sungu í Hofi á sam-eiginlegri söngskemmtun leik- og tónlistarskóla Akureyrar. Eftir hádegi gerðu allir sér glaðan dag saman og skemmtu sér eins og aðra daga á einn eða annan hátt.

Í Lundarseli var foreldrum boðið að koma og leira með börnunum sínum.

Á Naustatjörn fóru börn sem fædd eru 2012 og 2013 í Hof og tóku þátt í söngvaflóði. Yngri deildarnar Búðargil og Vökuvellir fóru í Bónus í Naustahverfi og hengdu upp myndlistarsýningu þar. Miðvikudaginn 7. febrúar er opið hús á Naustatjörn og foreldrum boðið að koma og kíkja á starfið í leikskólanum.

Í tilefni dagsins á Tröllaborgum báru börnin út mynd í umslagi sem þau höfðu málað í nokkur hús í nágrenni Tröllaborga. Þannig minntum þau á sig og mikilvægi þess að í bænum okkar eru margir frábærir leikskólar.

Á leikskólanum í Hrísey var opið hús og boðið upp á vöflur í tilefni dagsins.

Hér er aðeins stiklað á stóru yfir viðburði dagsins, hægt að skoða nánar á heimasíðum leikskólanna.

